

## REGLUR

### um framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda.

#### Markmið gæðaeftirlits.

##### 1. gr.

Markmið gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda er að tryggja að endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki ræki störf sín í samræmi við ákvæði laga nr. 79/2008 um endurskoðendur, siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda.

#### Umfang gæðaeftirlits.

##### 2. gr.

Gæðaeftirlit felur í sér könnun á gæðakerfi endurskoðunarfyrtækis, gæðastjórnun endurskoðenda og skoðun vinnuskjala eftir því sem við á. Markmiðið er að ganga úr skugga um að ekkert bendi til annars en að endurskoðunarfyrtæki og endurskoðendur ræki störf sín í samræmi við ákvæði laga um endurskoðendur, siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda.

Gæðaeftirlitið skal fela í sér sannprófanir á að gæðakerfi, gæðastjórnun og frágangur vinnuskjala sé í samræmi við góða endurskoðunarvenju, skv. 9. gr., sbr. ákvæði til bráðabirgða II laga um endurskoðendur.

##### 3. gr.

Gæðaeftirlitið nær til allra endurskoðenda sem sinna endurskoðun samkvæmt lögum um endurskoðendur.

Gæðaeftirlitið getur beinst að endurskoðunarfyrtæki í heild sinni ef um sameiginlegt gæðastjórnunarkerfi er að ræða í fyrirtækinu og til einstakra endurskoðenda sem árita endurskoðuð reikningsskil.

Gæðaeftirlitið nær að jafnaði til hvers endurskoðanda eigi sjaldnar en á sex ára fresti en endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki sem annast endurskoðun eininga tengdra almannahagsmunum skulu þó sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti sbr. 1. og 2. mgr. 22. gr. laga um endurskoðendur. Endurskoðendaráð getur ákveðið örara eftirlit vegna sérstakra aðstæðna.

Sinni endurskoðunarfyrtæki eða endurskoðandi ekki tilmælum um gæðaeftirlit samkvæmt 1. mgr. 4. gr. innan þeirra tímamarka sem fram koma í 7. gr. eða veiti ekki nauðsynlega aðstoð og aðgang að upplýsingum skv. 8. gr. mun endurskoðendaráð grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt lögum um endurskoðendur. Koma þá til álita ákvæði 17. gr. laga um endurskoðendur.

#### Gæðaeftirlitsmenn.

##### 4. gr.

Félag löggiltra endurskoðenda skal annast gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda í samráði við endurskoðendaráð sbr. 4. tl. 13. gr. laga um endurskoðendur.

Félag löggiltra endurskoðenda velur gæðaeftirlitsmenn að fengnu samþykki endurskoðendaráðs.

Gæðaeftirlitsmenn skulu vera endurskoðendur með víðtæka reynslu af endurskoðunarstörfum og óháðir þeim sem eftirlitið beinist að.

Við val gæðaeftirlitsmanna skal gæta að eftirfarandi:

- a) Tveir gæðaeftirlitsmenn skulu koma að hverju verkefni.
- b) Þeir sem starfa saman að gæðaeftirliti skulu ekki vera samstarfsmenn í endurskoðunarfyrtæki.
- c) Þeir sem veljast til starfa sem gæðaeftirlitsmenn skulu sækja námskeið í gæðaeftirliti áður en gæðaeftirlit hefst.
- d) Gæðaeftirlitsmenn skulu staðfesta skriflega óhæði sitt samkvæmt 2. mgr. 14. gr. áður en gæðaeftirlit hefst.
- e) Þeir sem veljast til starfa sem gæðaeftirlitsmenn skulu ekki hafa hlotið áminningu í kjölfar gæðaeftirlits á síðustu þrem árum né sitja í gæðanefnd Félags löggiltra endurskoðenda.

## 5. gr.

Félag löggiltra endurskoðenda skal hlutast til um að námskeið fyrir gæðaeftirlitsmenn sé haldið á hverju ári. Viðfangsefni námskeiðsins er að fjalla almennt um gæðakerfi, gæðastjórnun og vinnuskjöl endurskoðenda með hliðsjón af endurskoðunarstöðlum og siðareglum. Á námskeiðinu skal sérstaklega farið yfir verklagsreglur um framkvæmd gæðaeftirlitsins með áherslu á:

- 1) Gæðastjórnunarkerfi í endurskoðunarfyrtækjum.
- 2) Endurskoðunarferilinn með hliðsjón af endurskoðunarstöðlum.
- 3) Reglur laga um endurskoðendur varðandi óhæði og eignarhald.
- 4) Ákvæði laga og reglna um stjórnýslu
- 5) Kröfur til hæfni.
- 6) Ákvæði laga um gæðaeftirlit.
- 7) Kröfur um skjölun endurskoðunar.
- 8) Viðfangsefni endurskoðendaráðs.
- 9) Ábyrgð og hlutverk gæðaeftirlitsmanns.
- 10) Verkefni við gæðaeftirlit.

**Framkvæmd gæðaeftirlits.**

## 6. gr.

Gæðaeftirlit skal beinast að því að ganga úr skugga um að endurskoðandi og endurskoðunarfyrtæki hafi uppfyllt eftirfarandi ákvæði laga um endurskoðendur:

- 1) Ákvæði 2. - 6. mgr. 3. gr. og 4. og 5. mgr. 4. gr.
- 2) Að gætt sé að óhæði endurskoðanda og endurskoðunarfyrtækis í samræmi við ákvæði VI. kafla laganna.
- 3) Að við endurskoðun sé fylgt góðri endurskoðunarvenju eins og hún kemur fram í endurskoðunarstöðlum, skv. 9. gr. laganna sbr. og ákvæði til bráðabrigða II.
- 4) Að endurskoðendur hafi fullnægt skilyrðum um:
  - a. starfsábyrgðartryggingu samkvæmt 6. gr.
  - b. endurmenntun samkvæmt 7. gr.
  - c. búsföræði samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 2. gr.
- 5) Að endurskoðunarfyrtæki uppfylli kröfur laga um skýrslu um gagnsæi samkvæmt 29. gr.

## 7. gr.

Gæðaeftirlitsmenn skulu að jafnaði framkvæma gæðaeftirlit á tímabilinu október til desember ár hvert.

## 8. gr.

Endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki sem sætir gæðaeftirliti skal veita þeim sem sinnir gæðaeftirliti nauðsynlega aðstoð og aðgang að upplýsingum sem óskað er eftir við gæðaeftirlitið og getur ekki borið fyrir sig lagaákvæði um þagnarskyldu í því skyni að takmarka skyldu sína til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum, sbr. 4. mgr. 22. gr. laga um endurskoðendur.

Verði endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki ekki við tilmælum skoðunarmanna um að veita aðgang að nauðsynlegum gögnum við framkvæmd gæðaeftirlits skulu skoðunarmenn þegar í stað senda skýrslu þar að lútandi til Félags löggiltra endurskoðenda. Félaginu ber svo fljótt sem verða má að fjalla um skýrsluna og senda niðurstöður sínar til Endurskoðendaráðs sem tekur afstöðu til frekari meðferðar málsins á grundvelli laga um endurskoðendur.

## 9. gr.

Gæðaeftirlitsmenn skulu í störfum sínum m.a. styðjast við gátlista sem birtir eru í fylgiskjali með reglum þessum eftir því sem við á og taka saman skýrslu um niðurstöður sínar. Þeir skulu afhenda skýrsluna þeim aðila sem eftirlitið beinist að innan þriggja vikna frá því að könnun lauk. Sá sem eftirlitið beinist að skal staðfesta móttöku skýrslunnar og gefst þá jafnframt kostur á að koma á framfæri innan þriggja vikna athugasemdum, sem gæðaeftirlitsmenn taka afstöðu til. Þessar

athugasemdir verða hluti af eftirlitsskýrslunni og skal endanleg skýrsla liggja fyrir þremur vikum síðar. Gæðaeftirlitsskýrslur skulu útbúnar með þeim hætti að nafnleyndar sé gætt. Sá sem eftirlitið beinist að fær afrit af endanlegri skýrslu.

## 10. gr.

Eftirlitsskýrslur skulu afhentar Félagi löggiltra endurskoðenda í lok gæðaeftirlits og eigi síðar en 1. mars að loknu tímabili gæðaeftirlits sbr. 7. gr.

Félag löggiltra endurskoðenda skal taka saman niðurstöður gæðaeftirlitsins og afhenda endurskoðendaráði eigi síðar en fjórum vikum eftir að eftirlitsskýrslur bárust skv. 1. mgr.

Efni eftirlitsskýrslu er trúnaðarmál.

## 11. gr.

Gæta skal fyllsta öryggis um meðferð gagna og trúnaðarupplýsinga við gæðaeftirlit. Gæðaeftirlitsmenn skulu ekki varðveita nein gögn eða upplýsingar sem varða störf þeirra að gæðaeftirliti loknu.

## 12. gr.

Endurskoðendaráð ber ábyrgð á varðveislu eftirlitsskýrslna. Skýrslur skulu varðveittar með tryggilegum hætti eigi skemur en í 7 ár.

**Viðbrögð við niðurstöðu gæðaeftirlits.**

## 13. gr.

Endurskoðendaráð metur niðurstöðu gæðaeftirlitsins og tekur afstöðu til frekari meðferðar á grundvelli ákvæða laga um endurskoðendur.

**Þagnarskylda og vanhæfisástæður.**

## 14. gr.

Gæðaeftirlitsmenn eru bundnir þagnarskyldu um allar upplýsingar sem þeir fá vitneskju um í störfum sínum, sbr. 30. gr. laga um endurskoðendur.

Ákvæði 19. gr. laga um endurskoðendur þar sem fjallað er um vanhæfisástæður skulu einnig gilda um gæðaeftirlitsmenn. Sé gæðaeftirlitsmaður talinn vanhæfur skal varamaður kallaður til í hans stað. Gæðaeftirlitsmaður skal sjálfur upplýsa um aðstæður sem leitt gætu til vanhæfis hans.

**Kostnaður við gæðaeftirlit.**

## 15. gr.

Um kostnað af framkvæmd gæðaeftirlitsins fer skv. 4. mgr. 12. gr. laga um endurskoðendur.

## 16. gr.

Reglur þessar, sem eru settar samkvæmt heimild í lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur, með síðari breytingum öðlast þegar gildi. Frá sama tíma eru felldar úr gildi reglur nr. 860/2010 um framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda.

*Endurskoðendaráði, 29. september 2011.*

**Bjarnveig Eiríksdóttir.**

**Helga Harðardóttir.**

**Hildur Árnadóttir.**

**Ólafur B. Kristinsson.**

**Þórður Reynisson.**

**Fylgiskjal.****Gátlisti 1 – Almennar upplýsingar.****Skammstafanir:**

EL = Lög nr. 79/2008 um endurskoðendur.

Upplýsingar um endurskoðunarfyrtækið	Tilvísun í lög, reglur og staðla	Tilvísun í gæðastjórnunarkerfi eða önnur gögn	Já / Nei eða ekki viðeigandi (EV)	Skýringar / rökstuðningur
1. Er meirihluti atkvæðisréttar í höndum endurskoðenda eða endurskoðunarfyrtækja sem hlotið hafa viðurkenningu á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum?	EL, 2. mgr. 3. gr.			
2. Er meirihluti stjórnarmanna endurskoðendur eða fulltrúar endurskoðunarfyrtækja sem hlotið hafa viðurkenningu á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum?	EL, 3. mgr. 3. gr.			
3. Hefur endurskoðunarfyrtækið formlegt gæðakerfi?	EL, 4. mgr. 3. gr.			
4. eru nöfn og heimilisföng eigenda aðgengileg almenningi?	EL, 5. mgr. 3. gr.			
5. Hefur endurskoðunarfyrtækið sótt um réttindi til endurskoðunarstarfa til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins?	EL, 6. mgr. 3. gr.			
6. eru upplýsingar í opinberri skrá yfir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki réttar?	EL, 4. gr.			
7. Hefur endurskoðunarfyrtæki sem skráð er í opinberri skrá efnahags- og viðskiptaráðuneytisins verið tekið til gjaldþrotaskipta eða beðið verulega alitshnekki svo draga megi í efa hæfi þess til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru um endurskoðun í lögum um endurskoðendur?	EL, 4. mgr. 4. gr.			

Upplýsingar um endurskoðunarfyrirtækið - (frh.)	Tilvísun í lög, reglur og staðla	Tilvísun í gæðastjórnunarkerfi eða önnur gögn	Já / Nei eða EV (ekki viðeigandi)	Skýringar / rökstuðningur
8. Hafa allir endurskoðendur endurskoðunarfyrirtækisins í gildi starfsábyrgðartryggingu hjá váttryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi vegna fjárhagssjóns sem leitir getur af ásetningi eða gáleysi í störfum hans eða starfsmanna hans?	EL, 1. mgr. 6. gr.			
9. Eru fjárhæðir starfsábyrgðartryggingar í samræmi við ákvörðun ráðherra?	EL, 2. mgr. 6. gr.			
10. Eru endurskoðendur endurskoðunarfyrirtækisins lögráða og hafa þeir haft forræði á búi sínu síðastliðin þrjú ár?	EL, 2. tl. 1. mgr. 2. gr.			
11. Hafa allir endurskoðendur endurskoðunarfyrirtækisins fullnægt skilyrðum um endurnenntun?	EL, 7. gr.			

**Niðurstaða gæðaeftirlitsmanna, ásamt tillögum til úrbóta:**

*Almenn umsögn:*

*Alvarlegar athugasemdir:*

*Ábendingar:*

## Gátlisti 2 – Innra gæðaeftirlit.

**Skammstafanir:**

EL = Lög nr. 79/2008 um endurskoðendur.

ISQC = International Standard on Quality Control.

Síðareglur = Síðareglur Félags löggiltra endurskoðenda.

Innra gæðaeftirlitskerfi		Tilvísun í lög, reglur og staðla	Tilvísun í gæðaeftirlitskerfi eða önnur gögn	Já / Nei eða ekki viðeigandi (EV)	Skýringar / röksuðningur
<b>Almennar upplýsingar</b>					
1.	Hefur endurskoðandi/endurskoðunarfyrtæki sett upp og viðhaldið gæðaeftirlitskerfi þar sem fram koma reglur og fyrirmæli um eftirfarandi atriði: a) Abygð sjómenda á gæðamálum. b) Síðareglur. c) Samþykki nýrra eða áframhaldandi viðskiptasambanda og verkefna. d) Mannauðsmál. e) Gæðaeftirlit verkefna. f) Vöktun.	ISQC 1, gr. 16			
2.	Eru reglur endurskoðunarfyrtækisins skjalfestar og kynniar starfsmönnum?	ISQC 1, gr. 17			

Niðurstaða gæðaeftirlitsmanna um innra gæðaeftirlitskerfi, ásamt tillögum til úrbóta:

**Almenn umsögn:****Alvarlegar athugasemdir:****Ábendingar:**

Innra gæðaeftirlitskerfi	Tilvísun í lög, reglur og staðla	Tilvísun í gæðaeftirlitskerfi eða önnur gögn	Já / Nei eða ekki viðeigandi (EY)	Skýringar / rökstuðningur
<p><b>Ábyrgð stjórnenda á gæðamálum</b></p>	<p>ISQC 1, gr. 18 og 19</p>			
<p>3. Eru reglur og fyrirmæli um ábyrgð og skyldur stjórnenda í samræmi við 18. gr. og 19. gr. ISQC 1?</p>	<p>a) Reglur og fyrirmæli sem</p>	<p>i. hvetja til þess að áhersla sé lögð á gæði í endurskoðunarverkefnum.</p>	<p>ii. tilgreina ábyrgð stjórnar á gæðaeftirlitskerfi</p>	<p>b) Reglur og fyrirmæli um að sá aðili/aðilar sem hafa rekstrarlega ábyrgð á gæðaeftirlitskerfi hafi nægjanlega og viðeigandi reynslu og hæfni til að takast á við ábyrgðina og hafi til þess nauðsynlega heimild.</p>

**Niðurstaða gæðaeftirlitsmanna um ábyrgð stjórnenda á gæðamálum, ásamt tillögum til úrbóta:**

*Almenn umsögn:*

*Alvarlegar athugasemdir:*

*Ábendingar:*

Innra gæðaeftirlitskerfi	Tilvísun í lög, reglur og staðla	Tilvísun í gæðaeftirlitskerfi eða önnur gögn	Já / Nei eða ekki viðeigandi (EV)	Skýringar / rökstuðningur
<b>Siðareglur (m.a. óhæði og þagnarskylda)</b>				
4. Liggja fyrir reglur og fyrirmæli til að tryggja með hæfilegri vissu að endurskoðunarfyritækið og starfsmenn þess fari eftir reglum um óhæði? Sbr. óhæði eins og það er skilgreint í VI. kafla laga um endurskoðendur sem tryggja það að endurskoðandi framkvæmi eigi endurskoðun ef einhver þau tengsl eru á milli endurskoðandans og viðskiptavinar hans sem eru til þess fallin að vekja efa um óhæði hans hjá vel upplýstum þriðja aðila, svo sem atvinnutengsl, bein eða óbein fjárhagsleg tengsl eða viðskiptatengsl önnur en leiðir af endurskoðuninni.	ISQC 1, gr. 21 EL, VI. kafli Siðareglur, kafli 290			
5. Eru reglur um óhæði kynntar starfsmönnum?	ISQC 1, gr. 21			
6. Eru reglur um óhæði aðgengilegar starfsmönnum á innra neti, í handbók eða með öðrum hætti?	ISQC 1, gr. 21			
7. Eru til reglur og/eða fyrirmæli um viðbragðsskyldu endurskoðanda og starfsmanna ef óhæði er ógnað eða upp koma aðstæður sem gætu leitt til vanhæfis?	EL, 3. mgr. 19. gr. ISQC 1, gr. 21, 23 og 25			
8. Er það hluti af reglum endurskoðunarfyritækisins að kalla a.m.k. árlega eftir óhæðisstaðfestingu frá einstökum starfsmönnum?	ISQC 1, gr. 24			
9. Eru reglur um þagnarskyldu endurskoðanda í gæðaeftirlitskerfi endurskoðandans/endurskoðunarfyritækisins?	EL, 30. gr.			

### Niðurstaða gæðaeftirlitsmanna um siðareglur, ásamt tillögum til úrbóta:

*Almenn umsögn:*

*Alvarlegar athugasemdir:*

*Ábendingar:*

Innra gæðaeftirlitskerfi	Tilvísun í lög, reglur og staðla	Tilvísun í gæðaeftirlitskerfi eða önnur gögn	Já / Nei eða ekki viðeigandi (EY)	Skýringar / rökstuðningur
<p><b>Samþykki nýrra og áframhaldandi verkefna og viðskiptasambanda</b></p>				
<p>10. Liggja fyrir reglur og fyrirmæli um hvernig skuli staðið að samþykki nýrra og áframhaldandi verkefna og viðskiptasambanda til að tryggja með hæfilegri vissu að endurskoðandi/endurskoðunarfyrirtæki taki einungis í viðskipti viðskiptavini og verkefni þegar fyrirtækið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>a) Hefur til þess getu og hæfni (m.a. tíma og mannafla).</li> <li>b) Uppfyllir siðareglur.</li> <li>c) Hefur yfirfarið heilindi viðskiptamanns.</li> </ul>	ISQC 1, gr. 26			
<p>11. Er tekið á eftirfarandi í reglunum:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>a) Leiðbeiningar um öflun upplýsinga vegna samþykkis verkefna fyrir nýja viðskiptavini, öflun upplýsinga vegna samþykkis núverandi verkefna og vegna nýrra verkefna hjá núverandi viðskiptavinum?</li> <li>b) Hvernig skuli bregðast við ef upp koma hagsmunaráreksirar í því að samþykkja verkefni fyrir nýjan eða núverandi viðskiptavin?</li> <li>c) Hvernig ber að skrá viðbrögð við álitamálum?</li> </ul>	ISQC 1, gr. 27			
<p>12. Liggja fyrir reglur og fyrirmæli um áframhaldandi verkefni og viðskiptasambönd sem taka á þeim aðstæðum þegar endurskoðandi/endurskoðunarfyrirtæki fær upplýsingar, eftir að vinna við verkefnið hefst, sem hefðu leitt til höfnunar verkefnisins hefðu þessar upplýsingar verið aðgengilegar fyrir?</p>	ISQC 1, gr. 28			

Innra gæðaeftirlitskerfi	Tilvísun í lög, reglur og staðla	Tilvísun í gæðaeftirlitskerfi eða önnur gögn	Já / Nei eða ekki viðeigandi (EV)	Skýringar / rökstuðningur
<b>Mannauður</b> 13. Hefur endurskoðandi/endurskoðunaryfirtækið sett sér reglur til að tryggja að mönnum þess sé nægjanleg að teknu tilliti til hæfni, getu og viðhorfs til sðareglina til að tryggja: a) að verkefni séu unnin í samræmi við lög og reglur og faglega staðla, b) að endurskoðunaryfirtæki og/eða endurskoðendur veiti viðeigandi áritanir?	ISQC 1, gr. 29			
14. Hefur endurskoðandi/endurskoðunaryfirtækið sett sér reglur um úthlutun ábyrgðar vegna verkefna til aðalendurskoðanda (e. engagement partner) og taka þær á: a) að aðalendurskoðandinn sé kynntur fyrir sjórn og lykilsjórnumendum viðskiptavina, b) að aðalendurskoðandi hafi hæfni, getu og heimild til að vinna verkefnið, c) að ábyrgð aðalendurskoðanda sé skilgreind og yfirfarin með honum?	ISQC 1, gr. 30			
15. Hefur endurskoðandi/endurskoðunaryfirtækið sett sér reglur um úthlutun starfsfólks með hæfni og getu til þess að vinna verkefnið?	ISQC 1, gr. 31			

**Niðurstaða gæðaeftirlitsmanna um mannaúð, ásamt tillögum til úrbóta:**

*Almenn umsögn:*

*Alvarlegar athugasemdir:*

*Ábendingar:*

Innra gæðaeftirlitskerfi	Tilvísun í lög, reglur og staðla	Tilvísun í gæðaeftirlitskerfi eða önnur gögn	Já / Nei eða ekki viðeigandi (EV)	Skýringar / rökstuðningur
<b>Gæðamat verkefna (e. Engagement performance)</b>				
16. Eru til reglur og fyrirmæli til að tryggja með hæfilegri vissu að verkefni séu leyst í samræmi við lög og reglur og faglega staðla? Reglur og fyrirmæli ættu að innihalda: a) lýsingu á þeim atriðum sem eru nauðsynleg til að tryggja samræmi í gæðum verkefna, b) ábyrgð umsjónarmanna, c) ábyrgð gæðamats.	ISQC 1, gr. 32			
17. Eru til reglur og fyrirmæli um hvenær vinna minna reyndra starfsmanna er yfirfarin af reyndari starfsmönnum?	ISQC 1, gr. 33			
18. Eru til reglur og fyrirmæli til að tryggja með hæfilegri vissu að haft sé samráð (e. consultation) vegna atriða sem fela í sér aukna áhættu og flóknari viðfangsefni?	ISQC 1, gr. 34 ISQC 1, gr. 43-44			
19. Eru til reglur og fyrirmæli um gæðamat vegna verkefna? Reglurnar og fyrirmælin skulu kveða á um: a) gæðamat vegna allra endurskoðaðra verkefna skráðra fyrirtækja á skipulegum verðbréfamarkaði, b) skilyrði sem kalla á gæðamat vegna annarra verkefna.	ISQC 1, gr. 35.			
20. Eru til reglur um eðli, tímasetningu og umfang gæðamats, m.a. að innra gæðamat skuli fara fram fyrir áritun endurskoðunar, könnunarverkefna og annarra verkefna?	ISQC 1, gr. 36			
21. Taka reglur um gæðamat á eftirfarandi atriðum: a) að mikilvæg málefni séu rædd við aðalaendurskoðanda/umsjónarmann, b) yfirferð á ársreikningi o.fl., c) að skráning endurskoðunarvinnu á mikilvægum matskenndum liðum sé skoðuð, mat teymis og mörkstöður, d) mat á því hvort áritun sem hefur verið valin sé viðeigandi.	ISQC 1, gr. 37			

Innra gæðaeftirlitskerfi		Tilvisun í lög, reglur og staðla	Tilvisun í gæðaeftirlitskerfi eða önnur gögn	Já / Nei eða ekki viðeigandi (EY)	Skýringar / rökstuðningur
<b>Gæðamat verkefna (e. Engagement performance) – (frh.)</b>					
22.	Eru til sérstakar reglur um gæðamat vegna endurskoðunar á félögum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði þar sem kveðið er á um að eftirfarandi sé skoðað: a) óhæði, b) samráð um álitamál eða flókin viðfangsefni, c) skjölun á verulegum matsliðum sé fullnægjandi?	ISQC 1, gr. 38			
23.	Eru til reglur um skilyrði við val gæðamatsmanna og skráningu á vinnu þeirra?	ISQC 1, gr. 39-41			
24.	Eru til reglur um: a) skjölun á vinnu gæðamatsmanna, b) lausn ágreiningsmála sem upp kunna að koma við gæðamat?	ISQC 1, gr. 42-43			
25.	Eru til reglur um að frágangi skjala við lok endurskoðunar/könnunar sé lokið innan tiltekins tíma? (t.d. 60 daga sjá A54)	ISQC 1, gr. 45			
26.	Eru til reglur til að tryggja trúnað, geymslu, heilindi og aðgengi á endurskoðunargögnum?	ISQC 1, gr. 46			
27.	Eru til reglur um varðveislu gagna?	ISQC 1, gr. 47			

Niðurstaða gæðaeftirlitsmanna vegna yfirferðar á ferlum gæðaeftirlitskerfis vegna einstakra verkefna ásamt tillögum um úrbætur:

*Almenn umsögn:*

*Alvarlegar athugasemdir:*

*Ábendingar:*

Innra gæðaeftirlitskerfi	Tilvísun í lög, reglur og staðla	Tilvísun í gæðaeftirlitskerfi eða önnur gögn	Já / Nei ekki viðeigandi (EY)	Skýringar / rökstuðningur
<b>Vöktun (e. Monitoring)</b>				
28. Er til staðar vöktun til þess að tryggja með hæfilegri vissu að reglur og fyrirmæli gæðaeftirlitskerfis sé viðeigandi, nægjanleg og skilvirk, m.a.: a) samráðavöktun kerfis og regluleg yfirferð a.m.k eins verkefnis hvers aðal-endurskoðanda, b) ábyrgðaraðili vegna vöktunar sé skilgreindur, c) þeir aðilar sem áður hafa yfirfarið verkefni (e. quality control review) taki ekki þátt í gæðaeftirliti sömu verkefna (e. Inspection)?	ISQC 1, gr. 48			
29. Er farið yfir vikleika sem upp koma í gæðamati/gæðaeftirliti, settar fram leiðir til úrbóta og þeim fylgt eftir, m.a. yfirfarið með aðalendurskoðanda/viðeigandi umsjónarmönnum og starfsmönnum?	ISQC 1, gr. 49-53			
30. Hefur endurskoðandi/endurskoðunarfrirtækioð farið yfir niðurstöður vöktunar gæðaeftirlitskerfisins a.m.k. árlega með eigendum og öðrum starfsmönnum, m.a. stjórnendum?	ISQC 1, gr. 53			
31. Hefur endurskoðandi/endurskoðunarfrirtækioð reglur um kvartanir og ábendingar?	Siðareglur, gr. 100.16 ISQC 1, gr. 55, 56 og 59			

Innra gæðaeftirlitskerfi	Tilvísun í lög, reglur og staðla	Tilvísun í gæðaeftirlitskerfi eða önnur gögn	Já / Nei ekki viðeigandi (EV)	Skýringar / rökstuðningur
<b>Skráning</b> 32. Eru til staðar reglur og fyriræli um viðeigandi skráningu á gæðaeftirlitskerfi endurskoðanda/ endurskoðunarfyrirtækisins til að tryggja gögn um skilvirkni einstakra þátta kerfisins?	ISQC 1, gr. 57			
33. Eru til staðar reglur og fyriræli um varðveislu skjala vegna gæðaeftirlitskerfisins, fram yfir þann tíma þegar vöktun á sér stað og gengið er úr skugga um að farið sé eftir gæðareglum fyrirtækisins?	ISQC 1, gr. 58			

**Niðurstaða gæðaeftirlitsmanna eftir yfirferð á skjölun gæðaeftirlitskerfis ásamt tillögum um úrbætur:**

*Almenn umsögn:*

*Alvarlegar athugasemdir:*

*Ábendingar:*

## Gátlisti 3 – Gæðaeftirlit vegna endurskoðunarverkefna.

## Skammstafanir:

EL = Lög nr. 79/2008 um endurskoðendur.

ÁRS = Lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Siðareglur = Siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda.

ISA = International Standards on Auditing.

Samþykki nýrra og áframhaldandi verkefna og viðskiptasambanda	Tilvísun í lög, reglur og staðla	Tilvísun í skráningarkerfi eða önnur gögn	Já / Nei eða ekki viðeigandi (EY)	Skýringar / rökstuðningur
1. Hefur endurskoðandi metið óhæði endurskoðunarfyrirtækis og teymis gagnvart viðskiptavini?	EL, VI. kafli Siðareglur, kafli 210 og kafli 290, gr. 100-150 ÁRS, 3. mgr. 99. gr. ISA 220, gr. 9-10			
2. Er til staðar ráðningarbref sem uppfyllir ákvæði ISA 210? a) Markmið og umfang endurskoðunar b) Ábyrgð endurskoðanda c) Ábyrgð stjórnenda d) Reikningsskiðareglur e) Skýrslugerð	ISA 210, gr. 10 Sjá einnig ISA 260, gr. 14-15			
3. Ef um er að ræða endurskoðun í fyrsta skipti, hefur endurskoðandi rétt við fráfarandi endurskoðanda og kannað ástæður starfsloka.	EL, 2. mgr. 20. gr. Siðareglur, kafli 210, 9-14			
4. Ef um samstæðu er að ræða hefur endurskoðandi gengið úr skugga um að hægt sé að afla nægilegra endurskoðunargagna fyrir samstæðu-reikningsskilin og einingar innan samstæðunnar?	ISA 600, gr. 50 ISA 600, gr. 12 og 32			

## Niðurstaða gæðaeftirlitsmanna, ásamt tillögum til úrbóta:

Almenn umsögn:

Alvarlegar athugasemdir:

Ábendingar:

Áhættumat	Tilvísun í lög, reglur og staðla	Tilvísun í skráningarkerfi eða önnur gögn	Já / Nei eða ekki viðeigandi (EV)	Skýringar / rökstuðningur
5. Eru upplýsingar um eininguna til staðar í vinnuskjólum? Til dæmis: a) Starfsemi b) Eignarhald c) Rekstrarform d) Fjármögnun e) Reikningsskilareglur f) Viðskiptiaáhætta g) Fjárhagslegir árangursmælikvarðar (Lítil verkefni sjá A41 og A132)	ISA 315, gr. 11			
6. Hefur eftirfarandi aðferðum verið beitt við áhættumat? a) Fyrirspurnir b) Greiningaraðgerðir (Lítil verkefni sjá A10) c) Gagnaskoðun (Lítil verkefni sjá A16)	ISA 315, gr. 5 og 6			
7. Tekur áhættumat endurskoðunar mið af hættunni á verulegri skekkju varðandi a) Reikningsskilin í heild b) Staðhæfingar mikilvægra liða reikningsskilanna c) Vafa um rekstrarhæfi d) Svíksemi?	ISA 315, gr. 25 og gr. 27-29  ISA 570, gr. 10 ISA 240, gr. 16 og 44-47 ISA 315, gr. 12 og 32			
8. Hefur verið lagt mat á viðbrögð stjórnenda við áhættu með innra eftirliti og áhrif þess á endurskoðunina? (Lítil verkefni sjá A45, A49 og A76-78, A80, A85, A87, A93-94 og A100)				

Áhættumat	Tilvísun í lög, reglur og staðla	Tilvísun í skráningarkerfi eða önnur gögn	Já / Nei eða ekki viðeigandi (EV)	Skýringar / rökstuðningur
9. Hafa mikilvægisþörk verið ákveðin? a) Fyrir reikningsskilin í heild b) Fyrir einstaka liði reikningsskilanna ef við á (Lítill verkefni sjá A8)	ISA 320, 10 og 14			
10. Ef um samstæðu er að ræða hafa mikilvægisþörk samstæðuunnar og dótturfélaga eður því sem við á verið ákveðin?	ISA 600, gr. 21-23			
11. Hefur endurskoðandi fengið upplýsingar um tengda aðila? Ef um tengda aðila er að ræða hefur áhættu verið metin? (Lítill verkefni sjá A20)	ISA 550, gr. 10-11 gr. 12-16			
12. Ef um samstæðu er að ræða hefur verið lagt mat á hættuna á verulegri skekkju í samstæðu-reikningsskilum vegna áhrifa mikilvægs dótturfélags?	ISA 600, gr. 30-31			

**Niðurstaða gæðaeftirlitsmanna, ásamt tillögum til úrbóta:**

*Almenn umsögn:*

*Alvarlegar athugasemdir:*

*Ábendingar:*

Skipulagning endurskoðunar	Tilvísun í lög, reglur og staðla	Tilvísun í skráningarkerfi eða önnur gögn	Já / Nei eða ekki viðeigandi (EV)	Skýringar / rökstuðningur
13. Hefur endurskoðandi sett fram endurskoðunar-áætlun á grundvelli áhættumats sbr. spurningar 5-10 þar sem kveðið er á um: a) Umfang verkefnisins b) Tímasetningu c) Endurskoðunarteymi? (Lítil verkefni sjá A11)	ISA 300, gr. 8			
14. Hafa endurskoðunarfyrirmæli verið gerð sem taka mið af áhættumati? (Lítil verkefni sjá A15)	ISA 300, gr. 9			
15. Eru endurskoðunarfyrirmæli til staðar til þess að mæta þeirri áhættu sem fram kom varðandi tengda aðila sbr. spurningu 11?	ISA 550, gr. 21-24			
16. Ef stuðst er við vinnu innri endurskoðanda hefur verið lagt mat á gildi þeirrar vinnu fyrir ytri endurskoðun og tekið tillit til þess við skipulagninguna?	ISA 610, gr. 8-9			
17. Ef um samsæðu er að ræða hafa fyrirmælin tekið mið af áhættumati sbr. spurningu 12?	ISA 600, gr. 24-27			

### Niðurstaða gæðaeftirlitsmanna, ásamt tillögum til úrbóta:

*Almenn umsögn:*

*Alvarlegar athugasemdir:*

*Ábendingar:*

Frákvæmd endurskoðunarverkefna	Tilvísun í lög, reglur og staðla	Tilvísun í skráningarkerfi eða önnur gögn	Já / Nei eða ekki viðeigandi (EV)	Skýringar / rökstuðningur
<p>18. Ef um er að ræða endurskoðun í fyrsta skipti, hefur endurskoðandi aflað endurskoðunargagna til þess að ganga úr skugga um að upphafsjöfnuður sé ekki verulega rangur?</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>a) Rétt yfirfærsla frá fyrra tímabili</li> <li>b) Réttar reikningsskilareglur</li> <li>c) Ef fyrri reikningsskil endurskoðuð <ul style="list-style-type: none"> <li>i) Áritun fyrri endurskoðanda</li> <li>ii) Endurskoðunargögn</li> </ul> </li> </ul>	ISA 510, gr. 6			
<p>19. Ef endurskoðandi telur innra eftirlit vera virkt, hefur verið framkvæmd fullnægjandi aðgerðaeendurskoðun því til staðfestingar?</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>a) Prófa eftirlitsaðgerðir</li> <li>b) Meta niðurstöðu og ákvarða þörf á gagnaendurskoðun</li> <li>c) Ákveða notkun niðurstöðu frá f. ári</li> </ul> <p>Athuga verulega áhættu sbr. gr. 15 (Lítil verkefni sjá A18)</p> <p>Veljð eina eða tvær eftirlitsaðgerðir og samreynið að svo sé.</p>	ISA 330, gr. 10, 16-17			

<p><b>Frákvæmd endurskoðunarverkefna</b></p>	<p><b>Tilvísun í lög, reglur og staðla</b></p>	<p><b>Tilvísun í skráningarkerfi eða önnur gögn</b></p>	<p><b>Já / Nei eða ekki viðeigandi (EV)</b></p>	<p><b>Skýringar / rökstuðningur</b></p>
<p>20. Hefur lágmarks gagnaendurskoðun verið framkvæmd:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>a) fyrir allar verulegar hreyfingar í reikningsskilunum, verulega efnahagslíði og skýringar,</li> <li>b) afstemming reikningsskila við undirliggjandi aðalbók/bókhaldsgögn ásamt skoðun á lokafærslum,</li> <li>c) vegna verulegra áhættuþátta (e. significant risk)?</li> </ul> <p>Veljið einn lið samkvæmt a) og einn áhættuþátt samkvæmt c) og sannreynið að svo sé.</p>	<p>ISA 330, gr. 18 ISA 330, gr. 20 ISA 330, gr. 21</p>			
<p>21. Ef beitt hefur verið gagnagreiningaraðgerðum til staðfestingar, uppfylla þær kröfur ISA 520?</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>a) Áreiðanleiki gagna</li> <li>b) Ákveða væntingar</li> <li>c) Greina og bregðast við frávikum</li> </ul>	<p>ISA 520, gr. 5</p>			
<p>22. Hefur verið kallað eftir ytri staðfestingum í samræmi við ISA 505 og uppfylla þær kröfur staðalsins um fullnægjandi endurskoðunargögn?</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>a) Í samræmi við fyrir máli endurskoðanda</li> <li>b) Áreiðanleiki gagna</li> <li>c) Mat á niðurstöðu</li> </ul>	<p>ISA 505, gr. 7, 10, 16</p>			

Framkvæmd endurskoðunarverkefna	Tilvísun í lög, reglur og staðla	Tilvísun í skráningarkerfi eða önnur gögn	Já / Nei eða ekki viðeigandi (EV)	Skýringar / rökstuðningur
23. Ef endurskoðandi styðst við gögn frá sérfræðingum stjórnenda (management's experts) hefur eftirfarandi verið gert: <ul style="list-style-type: none"> <li>a) Mat lagt á hæfni og óhæði</li> <li>b) Gögn sérfræðings yfirfarin</li> <li>c) Mat lagt á það hvort verk sérfræðings sé nægilegt og viðeigandi fyrir viðkomandi staðhæfingu</li> </ul>	ISA 500, gr. 8			
24. Ef stuðst var við vinnu innri endurskoðanda voru endurskoðunargögn fullnægjandi fyrir endurskoðunina?	ISA 610, gr. 10-12			
25. Ef endurskoðandi byggir á vinnu sérfræðings, hefur hann lagt mat á þá vinnu?	ISA 620, gr. 12			
26. Hefur endurskoðunarfyrirmælum varðandi tengda aðila verið fylgt eftir með fullnægjandi hætti sbr. spurningu 15?	ISA 550, gr. 23-25			

### Niðurstaða gæðaeftirlitsmanna, ásamt tillögum til úrbóta:

*Almenn umsögn:*

*Alvarlegar athugasemdir:*

*Ábendingar:*

Framkvæmd endurskoðunarverkefna - endurskoðun samstæðu	Tilvísun í lög, reglur og staðla	Tilvísun í skráningarkerfi eða önnur gögn	Já / Nei eða ekki viðeigandi (EV)	Skýringar / rökstuðningur
<b>Ef viðeigandi, skal svara eftirfarandi:</b>				
27. Hefur endurskoðandi samstæðu metið hæfi endurskoðenda dótturfélaga (e. another auditors)?	ISA 600, gr. 19-20			
28. Hefur endurskoðandi samstæðu sett fram kröfur til endurskoðenda dótturfélaga um upplýsingar sem honum eru nauðsynlegar og lagt mat á þær?	ISA 600, gr. 40-45			
29. Hefur endurskoðandi samstæðu aflað gagna og yfirfarið vinnu endurskoðenda dótturfélaga?	EL, 1. mgr. 10. gr.			
30. Varðveitir endurskoðandi samstæðu afrit af vinnugögnum endurskoðenda dótturfélaga í þeim tilvikum þar sem endurskoðun þeirra fer fram í landi utan Evrópska efnahagssvæðisins?	EL, 2. mgr. 10. gr.			

**Niðurstaða gæðaeftirlitsmanna, ásamt tillögum til úrbóta:**

*Almenn umsögn:*

*Alvarlegar athugasemdir:*

*Ábendingar:*

Lok endurskoðunar	Tilvísun í lög, reglur og staðla	Tilvísun í skráningarkerfi eða önnur gögn	Já / Nei eða ekki viðeigandi (EV)	Skýringar / rökstuðningur
31. Sýna skjöl endurskoðandans að nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna hefur verið aflað? a) Viðbrögð við mati á hættunni á verulegri skekkju reikningsskilanna b) Viðbrögð við hættunni á verulegri skekkju í staðhæfingum stjórnenda c) Niðurstöðu endurskoðunarinnar	ISA 500, gr. 6 ISA 330, 28 a) ISA 330, 28 b) ISA 330, 28 c)			
32. Hefur verið lagt mat á skekkjur og óleiðréttá mismuni sem fram hafa komið við endurskoðunina og a) dregnar nauðsynlegar ályktanir vegna þeirra? b) gerð grein fyrir þeim í staðfestingarbréfi stjórnenda?	ISA 450, gr. 10, 14 og 15			
33. Hefur nægilegra gagna verið aflað til þess að leggja mat á rekstrarhæfi einingarinnar? (Lítil verkefni sjá A4-A5)	ISA 570, gr. 6-7 og 17			
34. Ef vafi leikur á um rekstrarhæfi hefur endurskoðandi komist að þeirri niðurstöðu að forsenda um framsetningu ársreiknings sé rétt? Ef svo er: a) hefur gagna verið aflað með sérstökum endurskoðunaraðgerðum? b) er gerð grein fyrir því í skýringum? c) er áritun viðeigandi?	ISA 570, gr. 16-17 gr. 18 gr. 19-20			

Lok endurskoðunar	Tilvísun í lög, reglur og staðla	Tilvísun í skráningarkerfi eða önnur gögn	Já / Nei eða ekki viðeigandi (EV)	Skýringar / rökstuðningur
35. Hefur endurskoðandi yfirfarð ársreikning og lagt mat á að framsetning hans og skýringar séu í samræmi við settar reikningsskilareglur?	ISA 330, gr. 24			
36. Hefur verið kallað eftir staðfestingarbrefi stjórnenda (e. letter of representation) þar sem a.m.k. eftirfarandi kemur fram? a) Ábyrgð á framsetningu ársreiknings b) Allar viðeigandi upplýsingar veittar c) Allar færslur tímabilsins bókaðar d) Umsógn um matskennda liði e) Umsógn um tengda aðila ef við á f) Áhrif óleiðrétra mismuna ef við á	ISA 580, gr. 3,  gr. 10-12  ISA 540, gr. 22 ISA 550, gr. 26 ISA 450, gr. 14			
37. Var athugað hvort ástæða væri til þess að óska eftir lögfræðibrefi? Ef ástæða var til þess var því fylgt eftir í samræmi við leiðbeiningar?	ISA 501, 9  ISA 580, 10-11			
38. Hefur endurskoðandi aflað endurskoðunargagna um atburði eftir lok reikningsárs sem kalla á breytingu reikningskilanna eða sérstaka skýringu?	ISA 560, gr. 6 (og ISA 600, gr. 38-39 ef um samstæðu er að ræða)			

### Niðurstaða gæðaeftirlitsmanna, ásamt tillögum til úrbóta:

*Almenn umsógn:*

*Alvarlegar athugasemdir:*

*Ábendingar:*

Skýrslugjöf vegna endurskoðunar	Tilvísun í lög, reglur og staðla	Tilvísun í skráningarkerfi eða önnur gögn	Já / Nei eða ekki viðeigandi (EV)	Skýringar / rökstuðningur
39. Hefur endurskoðandi lagt fram bréf til stjórnenda/endurskoðunarskýrslu við lok endurskoðunarinnar þar sem fram kemur: a) Helstu niðurstöður endurskoðunar? b) Ábendingar um verulega veikleika í innra eftirliti ef við á? (Lítil verkefni sjá A3-4)	ARS, gr. 105 ISA 450, gr. 12-13 ISA 260, gr. 16 ISA 265, gr. 11			

**Niðurstaða gæðaeftirlitsmanna, ásamt tillögum til úrbóta:**

*Almenn umsögn:*

*Alvarlegar athugasemdir:*

*Ábendingar:*

Áritanir		Tilvísun í lög, reglur og staðla	Tilvísun í skráningarkerfi eða önnur gögn	Já / Nei eða ekki viðeigandi (EV)	Skýringar / rökstuðningur
40.	Er áritun endurskoðanda í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla?	EL, 11. gr. ISA 700, 705, 706			

Niðurstaða gæðaeftirlitsmanna, ásamt tillögum til úrbóta:

*Almenn umsögn:*

*Alvarlegar athugasemdir:*

*Ábendingar:*

Annað	Tilvísun í lög, reglur og staðla	Tilvísun í skráningarkerfi eða önnur gögn	Já / Nei eða ekki viðeigandi (EV)	Skýringar / rökstuðningur
41. Aflíð upplýsinga um þóknun vegna endurskoðunarinnar og leggið mat á hvort hún sé við það miðuð að hún geri endurskoðanda kleift að komast að rökstuddri niðurstöðu í samræmi við þær faglegu kröfur sem eru settar fram í lögum um endurskoðendur og gilda almennt um störf endurskoðenda.	EL, 21. gr. Siðareglur, kafli 240			

**Niðurstaða gæðæfirlitsmanna, ásamt tillögum til úrbóta:**

*Almenn umsögn:*

*Alvarlegar athugasemdir:*

*Ábendingar:*

## Gátlisti 4 – Einingar tengdar almannahagsmunum.

Einingar tengdar almannahagsmunum - Gæðakerfi	Tilvísun í lög, reglur og staðla	Tilvísun í gæðastjórnunarkerfi eða önnur gögn	Já / Nei eða ekki viðeigandi (EV)	Skýringar / rökstuðningur
1. Er það hluti af reglum endurskoðunar-fyrirtækisins: <ul style="list-style-type: none"> <li>- að óhæði sé staðfest skriflega við endurskoðunarnefnd?</li> <li>- að greina endurskoðunarnefnd frá þjónustu sem er veitt auk endurskoðunarinnar?</li> <li>- að ræða við endurskoðunarnefnd hugsanlega ógnun við óhæði og þær vermdarráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr slíkri ógn?</li> </ul>	EL, 1. tl. 4. mgr. 19. gr. EL, 2. tl. 4. mgr. 19. gr. EL, 3. tl. 4. mgr. 19. gr.			
2. Fylgist endurskoðunarfyrirtækið með starfstíma endurskoðenda?	EL, 3. mgr. 20. gr.			
3. Hefur verið birt skýrsla um gagnsæi á vefsetri endurskoðandans/endurskoðunarfyrirtækisins?	EL, 1. mgr. 29. gr.			
4. Eru eftirfarandi atriði í skýrslu um gagnsæi: <ul style="list-style-type: none"> <li>a) Lýsing á félagsformi og eignarhaldi?</li> <li>b) Lýsing á lagalegu og skipulagslegu fyrirkomulagi samstarfsfyrirtækja endurskoðenda sem það kamm að tilheyra?</li> <li>c) Lýsing á stjórnskipulagi?</li> <li>d) Lýsing á innra gæðefirlitskerfi og yfirlýsing frá stjórn um skilvirkni þess?</li> <li>e) Upplýsingar um hvenær síðasta gæðæfirlit fó fram?</li> </ul>	EL, 2. mgr. 29. gr.			

Endurskoðun eininga tengdra almannahagsmunum - Gæðakerfi	Tilvísun í lög, reglur og staðla	Tilvísun í gæðastjórnunarkerfi eða önnur gögn	Já / Nei eða ekki viðeigandi (E.V)	Skýringar / rökstuðningur
<p>f) Skrá yfir einingar tengdar almannahagsmunum sem fyrirtækið hefur annast lögboðna endurskoðun fyrir á næstliðnu fjárhagsári?</p> <p>g) Upplýsingar um óhæðisreglur ásamt staðfestingu um að þeim hafi verið fylgt?</p> <p>h) Upplýsingar um endurmenntunartefnu?</p> <p>i) Upplýsingar um heildarveltu, sunduríðaða eftir þóknun fyrir endurskoðun og aðra þjónustu á næstliðnu fjárhagsári?</p> <p>j) Upplýsingar um grundvöllinn fyrir starfskjörum eigenda?</p>				
5.	EL, 3. mgr. 29. gr.			

Endurskoðun eininga tengdra almannahagsmunum - Gæðaeftirlit einstakra endurskoðunarverkefna	Tilvísun í lög, reglur og staðla	Tilvísun í gæðastjórnunarkerfi eða önnur gögn	Já / Nei eða ekki viðeigandi (EV)	Skýringar / rökstuðningur
1. Er starfstími endurskoðanda sem ber ábyrgð á endurskoðun einingar tengdrar almanna-hagsmunum lengri en 7 ár?	EL, 3. mgr. 20. gr.			
2. Hefur endurskoðandi staðfest óhæði skriflega?	EL, 19. gr.			
3. Vár gæðarynir (quality control reviewer) tilnefndur fyrir verkefnið?	ISA 220, gr. 19			
4. Voru mikilvægir þættir endurskoðunar yfirfarnir af gæðaryni?				
5. Hefur gæðarynir staðfest a) Mat á óhæði b) Samráð um mikilvæg atriði í endurskoðuninni c) Eðlilega gagnaöflun (documentation) og niðurstöðu endurskoðunarinnar?	ISA 220, gr. 21			
6. Staðfesti gæðarynir að hafa lokið hlutverki sínu fyrir áritun reikningskilanna?	ISA 220, gr. 19 (c)			

**Niðurstaða gæðaeftirlitsmanna eftir yfirferð á ferlum gæðakerfis varðandi varðveislu vinnupappíra, ásamt tillögum um úrbætur:**

*Almenn umsögn:*

*Avarlegar athugasemdir:*

*Ábendingar:*